

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Hríseyjarhrepps nr. 381/1999, með síðari breytingum.

51. gr. samþykktarinnar orðast svo:

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
Oddvita sveitarstjórnar og varaoddvita.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
 1. *Skóðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 2. *Jafnréttis- og félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
 3. *Umhverfisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um fegrun staðarins, holræsamál o.fl.
 4. *Menningar- og ferðamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um málefni ferðaþjónustu. Nefndin sér um rekstur bókasafns skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 og vinnur að öðrum menningarmálum á vegum sveitarfélagsins.
 5. *Hafnarsamlag Eyjafjarðar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
 6. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að og kemur með ábendingar til sveitarstjórnar um atvinnumál.
 7. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
 8. *Skólanefnd grunnskóla, tónlistarskóla og leikskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 18. og 19. gr. laga um grunnskóla nr. 49/1991, samkvæmt lögum um leikskóla nr. 48/1991 og lögum um fjárhagslegan stuðning tónlistarskóla nr. 75/1985.
 9. *Æskulýðsnefnd.* Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin hefur eftirlit og umsjón með æskulýðs- og íþróttastarfi á vegum sveitarfélagsins, sbr. íþróttalög nr. 64/1998 og lög um æskulýðsmál nr. 24/1970.
 10. *Samninganefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin semur við starfsmenn sveitarfélagsins um kaup og kjör.
 11. *Búffjáraeftirlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
 12. *Fulltrúi í stjórn Heilsugæslustöðvar Dalvíkurlæknishéraðs.* Einn aðalmaður í stjórn og annar til vara á móti Dalvíkurbyggð, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 13. *Fulltrúi í byggingarnefnd Eyjafjarðar.* Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samning um rekstur á byggingarfulltrúaembætti fyrir Eyjafjarðarsvæðið frá 12. desember 2001 og skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.
 14. *Heilbrigðisnefnd Norðurlandskjördæmis eystra.* Sveitarstjórnir í héraðsnefnd Eyjafjarðar skipa einn aðalmann og einn til vara, Akureyrarbær tvo aðalmenn og tvo til vara, Húsa-víkurbær skipar einn aðalmann og einn til vara og héraðsnefnd Þingeyinga einn aðalmann og einn til vara, alls fimm aðalmenn og fimm til vara.

15. *Fulltrúi í héraðsnefnd Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samþykktir um héraðsnefnd Eyjafjarðar.
16. *Fulltrúi á aðalfund Eypings*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samþykktir Eypings, Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.
17. *Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og annar til vara.
18. *Fulltrúi á aðalfund Fiskeldis Eyjafjarðar hf.* Einn aðalmaður og annar til vara.
19. *Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara.
20. Sveitarstjórn fer með verkefni annarra þeirra nefnda sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni skv. 2. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Hríseyjarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.